

LÖG

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 107/1999.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: um að eigendur rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild rýri ekki efnahag leyfishafans eða geri aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og leyfisbréfi.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

31. maí 2001

Nr. 73

LÖG

um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem skráðar eru fyrir níu farþega eða fleiri, sbr. þó 8. og 10. gr., og vöruflutninga og efnisflutninga á landi í atvinnuskyni með ökutækjum, hvort sem um eitt ökutæki eða samtengd ökutæki er að ræða. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum þessara laga fyrir tiltekna vöruflutninga og fyrir ákveðnar tegundir ökutækja eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

2. gr.

Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga og almenningsgangna samkvæmt lögum þessum. Vegagerðin fer með framkvæmd laga þessara og stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim.